

Reglur Kjalar um ferða- og dvalarkostnað trúnaðarmanna vegna trúnaðarmannafunda og trúnaðarmannafræðslu

Trúnaðarmenn, sem sækja fundi á vegum Kjalar og þurfa að ferðast, skulu fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Trúnaðarmenn skulu ferðast með eins ódýrum hætti og mögulegt er.
2. Trúnaðarmenn skulu fá greitt andvirði flugfargjalds, þar sem hægt er að nota flugsamgöngur. Annað hvort skal nýta flugkort Kjalar og panta flug í gegnum skrifstofu Kjalar eða þá að trúnaðarmaður bókar sjálfur ódýrt flug á netinu og fær endurgreitt.
3. Þar sem ekki eru flugsamgöngur skulu greiðslur vera 60% af kílómetragjaldi (+vegatollar).
4. Í þeim tilvikum sem trúnaðarmaður getur ekki ferðast fram og til baka samdægurs, skal félagið sjá honum fyrir gistingu. Tilkynna ber félaginu með 4 daga fyrirvara ef gistingar er þörf.
5. Ef trúnaðarmenn þurfa að dvelja lengur en fundadag(a) að heiman, skal félagið sjá þeim fyrir fæði eða greiða þeim fæðiskostnað sem er kr. 2.000.- í hálfan dag og kr. 4.000.- í heilan dag.
6. Ef þörf krefur greiðir félagið leigubílakostnað samkvæmt kvittun til og frá flugvelli eða andvirði þess vegna ferða sem þarf nauðsynlega að fara vegna funda
7. Í þeim tilvikum sem ofan ritaðar reglur ná ekki til, skal samið sérstaklega fyrir fram um greiðslur við skrifstofu Kjalar